

Garðabær  
Skipulagsfulltrúi  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Garðabær, 9. maí 2025  
202503-0281/I.M.B.  
08.02

## Efni: Umsögn - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu austurhluta Urriðaholts 1. áfangi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Garðabæjar er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts, 1. áfanga.

Í breytingunni felst að m.a. að Flóttamannavegur er breikkaður, lega vegarins breytt og ný gönguþverun verður norðan hringtorgs við gatnamót Flóttamannavegar og Urriðaholtsstrætis.

Náttúruverndarstofnum bendir á að ekki er ljóst við hvað gönguþverunin norðan hringtorgsins á gatnamótum Urriðaholtsstrætis og Flóttamannavegar tengist. Austan tengingarinnar er fólkvangurinn í Urriðakotshrauni og deiliskipulag Urriðavatnsdala, útivistarsvæðis og golfvallar gerir ekki ráð fyrir stígtengingu á þessum stað.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**